

Reykholahreppur  
Sveitarstjóri  
Maríutröð 5a  
380 Reykholahreppur

Reykjavík 6.febrúar 2018  
UST201712-012/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Reykholahrepps 2006 - 2018 - breyting**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykholahrepps er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006 – 2018.

Í ofangreindu erindi kemur fram að aðalskipulagsbreytingin felist í breyttri legu Vestfjarðarvegur og opnun nýrra efnistökusvæða. Áætluð framkvæmd hefur farið í mat á umhverfisáhrifum og breytingin fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### **Umfjöllun um kosti**

Í umhverfismati áætlana eru tveir kostir skoðaðir.

**Kostur D2.** Leið D2 fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkár línu. Hún liggur í jarðgöngum undir Hjallaháls og liggur svo um árósa í botni Djúpafjarðar. Þaðan fylgir hún nýju vegarstæði yfir Ódrjúgsháls, þverar svo Gufufjörð skammt utan Hofstaða og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Leiðin verður 22,0 km löng með 4,5 km jarðgöngum og styttr Vestfjarðaveg um 19,6 km. Byggja þyrfti 260 m langa brú yfir Þorskafjörð, 28 m brú yfir Djúpadalsá og 70 m brú yfir Gufufjörð, samtals 358 m langar brýr.

**Kostur Þ-H.** Leið Þ-H fylgir núverandi vegi frá Bjarkalundi að Þorskafirði og þverar Þorskafjörð rétt utan við Mjólkár línu. Hún liggur svo út með Þorskafirði að vestanverðu. Við Hallsteinsnes þverar hún Djúpafjörð við mynni hans, liggur síðan um Grónes og þverar svo Gufufjörð við mynni hans. Hún liggur um Melanes og endar við Skálaneshraun á Skálanesi. Leiðin verður 20,0 km löng og styttr Vestfjarðaveg um 21,6 km. Byggja þarf 260 m brú yfir Þorskafjörð, 300 m brú yfir Djúpafjörð og 130 m brú yfir Gufufjörð, samtals 690 m langar brýr. Leggja þarf 5,8 km langa tengingu að núverandi Vestfjarðavegi í Djúpafirði.

**Umhverfisáhrif mismunandi leiða**

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að ofangreind framkvæmd hefur farið í umhverfismat og að niðurstaða matskýrslu liggja fyrir. Einnig kemur fram að kaflar um áhrifamat séu úr matskýrslu Vegagerðarinnar.

**Leið D2**

Leið D2 þverar Þorskafjörð á sama stað og leið Þ-H, en það svæði ber merki nútíma mannvirkjagerðar. Við gangamunna nærri Búlká mun leiðin skerða Teigsskóg á um 800 m löngum kafla. Á þeirri leið mun efni úr jarðgöngum nýtast til fyllinga bæði í Þorskafirði og í Djúpafirði. Vegurinn liggur um ósa Djúpafjarðarár og raskar þar sjávarfitjum á um 200 m löngum kafla. Vegurinn liggur um Ódrjúgsháls í miklum skeringum. Á leiðinni um Brekkudal raskast birkikjarr. Í Djúpafirði er farið nánast utan við leirur í botni Gufufjarðar sem eru mikilvægur áfangastaður rauðbrystinga.

Umhverfisstofnun telur leið D2 besta kostinn m.t.t. umhverfisáhrifa. Leiðin liggur að vísu um Teigsskóg á stuttum kafla og skerðir sjávarfitjar og leirur sem njóta sérstakrar verndar, en þessar skerðingar eru minni en á öðrum leiðum. Í grófum dráttum má segja að leið D2 liggja um sama svæði og núverandi Vestfjarðavegur en helst er vikið af núverandi leið um Brekkudal og Gufufjörð. Umhverfisstofnun vill benda á að á löngum köflum liggur leiðin um hallalítið land þar sem unnt er að koma mannvirkjum fyrir án þess að breyta landslagi verulega. Þar sem þannig háttar til er vegurinn alfarið byggður á fyllingu þannig að þar sem leiðin liggur t.d. um birkikjarr takmarkast áhrifin við breidd vegfyllingar. Þetta á við um botna Djúpafjarðar og Gufufjarðar og í Brekkudal. Umhverfisstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif leiðar D2 verði vegna skeringa í Ódrjúgshálsi sem munu hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag. Umhverfisstofnun vill benda á að leið D2 liggur á stystum kafla um svæði sem telst óraskað. Leiðinni fylgja engir tengivegir. Þrátt fyrir að leið D2 hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag og verndarsvæði, sem og vistkerfi sem njóta verndar telur Umhverfisstofnun þessa leið besta af þeim tveimur kostum sem eru til umfjöllunar.

**Leið Þ-H**

Leiðin þverar Þorskafjörð og þaðan liggur leiðin út Þorskafjörð að vestanverðu í gegnum Teigsskóg á rúmlega 7 km löngum kafla. Leiðin liggur að hluta í talsverðum landhalla þannig að til að koma veginum fyrir þarf að breyta landslagi verulega með skeringum og fyllingum. Utan við Teigsskóg fer leiðin um fjörur og tjarnir á Hallsteinsnesi. Leiðinni fylgir tengivegur að Djúpadal með talsverðum skeringum og fyllingum. Leið Þ-H þverar síðan mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar og raskar þar skerjum, hólum og eyjum. sem einkenna ströndina við vestanverðan Þorskafjörð. Línan skerðir Teigsskóg þar sem hann nær milli fjalls og fjöru og skerðir þar með hæfni vistkerfisins til að bregðast við breytingum t.d. vegna loftslagsbreytinga. Umhverfisstofnun bendir á að ef ætlunin er að fara um Teigsskógssvæðið á annað borð þá telur stofnunin mikilvægt að fara um hallaminna svæði til að draga úr skeringum og fyllingum eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að leið Þ-H er verri en fyrri veglínur um Teigsskóg sem skoðaðar hafa verið, og því eru einu raunhæfu mótvægisáðgerðirnar að finna betri legu um ströndina þar sem land er sléttara og hallaminna.

Leið Þ-H mun einnig raska fjörum og tjörnum á Hallsteinsnesi. Vegna lítills undirlendis er vandséð hvernig unnt verður að koma skilgreindu mannvirki fyrir á þessu svæði án þess að skerða að mestu leyti aðra nýtingu og upplifun svæðisins.

Lína Þ-H skerðir sker, hólma og eyjar í mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar og hefur þar verulega neikvæð áhrif á landslag og þau náttúrufríbærni sem vernd Breiðafjarðar nær til.

Umhverfisstofnun telur verulega neikvætt að leið Þ-H liggur að mestu um svæði sem er lítt snortið af nútíma mannvirkjum og telst nánast óraskað. Með vísun til þess sem að ofan er rakið telur stofnunin að leið Þ-H muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

### Áhrifamat

Athygli vekur að niðurstöður mats á umhverfisáhrifum á hina mismunandi þætti er ekki sett í töflu eins og yfirleitt er gert.

#### 1) Landnotkun og mannvirki

Varðandi landnotkun og mannvirki er niðurstaðan sú að leið Þ-H hafi nokkuð neikvæð áhrif á landnotkun og leið D2 hafi óveruleg áhrif á landnotkun.

2) Varðandi **útvist og ferðamennsku** er talið að báðir kostir hafi talsverð jákvæð áhrif.

3) Varðandi **heilsu og hljóðvist** er niðurstaðan sú að á rekstartíma muni leiðir D2 og Þ-H hafa óveruleg áhrif á heilsu og hljóðvist.

4) Varðandi **fornleifar** er niðurstaðan að leiðir D2 og Þ-H hafa talsverð neikvæð áhrif á fornleifar

#### 5) Gróðurfar

Niðurstaðan í umfjöllun um gróðurfar er að leið Þ-H mun hafa veruleg neikvæð áhrif á birkikjarr á svæðinu vegna mikillar röskunar á Teigsskógi. Báðar leiðir D2 og Þ-H hafa varanleg og óafturkræf áhrif á sjávarfitjar, en hvorug leiðin hefur verulega neikvæð áhrif.

#### 6) Fuglalíf

Niðurstaðan varðandi áhrif framkvæmda á fuglalíf er að leiðirnar hafa svipuð áhrif á fuglalíf að öðru leyti en því að áhrif leiðar Þ-H síðsumars eru í óvissu.

#### 7) Lífríki straumvatna

Niðurstaða mats áhrifa á lífríki straumvatna er að brú yfir Djúpadalsá á leið D2 muni hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma en talið er að á rekstartíma verði þau óveruleg. Leiðirnar geta báðar haft neikvæð áhrif á lífríki Múlaár ef það verður tekið efni úr henni.



### 8) Sjávarföll og vatnsgæði

Niðurstaðan er að báðar leiðir D2 og Þ-H muni hafa óveruleg áhrif á vatnaskipti, seltu, súrefni og útskolun að loknum framkvæmdum.

### 9) Jarðfræði

Niðurstaðan er að báðar veglínur hafi talsverð neikvæð áhrif á leirur sem raskað verður í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði.

### 10) Landslag og ásynd lands

Niðurstaðan varðandi áhrif á landslag og ásynd lands er að leið Þ-H hafi veruleg neikvæð áhrif á landslag á framkvæmdasvæðinu og að leið D2 hafi talsverð neikvæð áhrif.

Athygli vekur að í kafla um landslag og ásynd lands er fjallað um leiðir sem ekki eru til umfjöllunar í umhverfismati áætlana þ.e. A1, I, og H1.

### 11) Verndarsvæði

Niðurstaða um áhrif leiða D2 og Þ-H er að báðar leiðir hafi varanleg og óafturkræf áhrif á vistkerfi er njóta verndar og verulega neikvæð áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar, svæði á náttúruminjaskrá, sérstætt birkikjarr, sjávarfitjar og leirur ásamt votlendi. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um rask náttúruminja á áætluðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun bendir á að nefna þarf í yfirferð yfir áhrif á verndarsvæði að leið Þ-H mun raska mun stærra svæði af sérstæðu birkikjari.

### 12) Samfélag

Niðurstaðan er að báðar leiðir muni hafa jákvæð áhrif á búsetu á sunnaverðum Vestfjörðum.

### Efnistökusvæði

Í greinargerð kemur fram að það er ný stefna að áætla fjölgun á efnistökusvæðum. Að mati Umhverfisstofnunar er það miður að efnistökusvæði eru áætluð á svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að náma merkt **Náma E8 Hjalli innan Hallsteinsness** er ný náma sem vinna á úr 50.000 m<sup>3</sup> á 18.000m<sup>2</sup> svæði og að efnið muni nýtast í fyllingar. Einnig kemur fram að verndargildi jarðmyndunar er metið lágt, en svæði námunnar hafi hátt verndargildi þar sem það er á svæði á náttúruminjaskrá. Svæði á náttúruminjaskrá þar sem efnisnáman er staðsett er eftirfarandi: *303. Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Viðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.* Að mati stofnunarinnar ætti forðast efnistöku innan svæðis á náttúruminjaskrá ef þess er nokkur kostur. Ef um efnistöku verður að ræða er mikilvægt að ekki verði hróflað við skriðum. **Náma E13 – Klöpp og skriðukeila í Gufufjarðarbotni** er í grónum skriðukeilum og dílabasaltklöpp. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að lögun haldist og að ekki verði mynduð gryfja í miðri keilu við efnistöku.

### Valkostur framkvæmdaraðila og sveitarfélags


Það er niðurstaða Reykhólahrepps og Vegagerðarinnar að velja leið Þ-H vegna þess að kostnaður við lagningu vegar eftir þeirri leið er minni, en við lagningu D2.

Í niðurstöðum umhverfismats áætlunarinnar kemur fram að „Sveitarfélagið er sammála niðurstöðu Vegagerðarinnar í matsskýrslu og telur Þ-H besta kostinn. Hún er ekki sú leið sem hefur minnst neikvæð áhrif á umhverfið. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er að leið D2 hefur minni neikvæð áhrif á umhverfið en er mun dýrari í framkvæmd“ Að mati Umhverfisstofnunar eru hér tilgreind atriði í niðurstöðu um mat sem tilheyra ekki mati á umhverfisáhrifum ef litið er til þeirra sjónarmiða sem fram koma í Hæstaréttardómi nr. 671/2008. Að mati stofnunarinnar er niðurstaðan að D2 hefur minni neikvæð umhverfisáhrif en samanburðarleiðin Þ-H.

Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi við útgáfu leyfis til framkvæmdar samkvæmt flokki A kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Einnig skal leyfisveitandi birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kærheimild og kærufrest þegar það á við.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri